

Reykjavík, 8. maí 2024

Umsögn Þjóðleikhússins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019 (Þjóðarópera). 936. mál.

Eftir að síðasta nefnd um Þjóðaróperu hóf störf á árinu 2023 hafa formaður þjóðleikhúsráðs, þjóðleikhússtjóri og framkvæmdastjóri leikhússins átt fundi með nefndinni og fulltrúum ráðuneytisins. Leikhúsið hefur mætt hugmyndum nefndarinnar með opnum hug og samstarfsvilja. Eftir að Menningar, viðskipta- og ferðamálaráðherra lagði fram frumvarp með tillögu um stofnun Þjóðaróperu innan Þjóðleikhússins bókaði þjóðleikhúsráð eftirfarandi einróma:

Þjóðleikhúsráð fagnar tillögu um stofnun Þjóðaróperu innan ramma Þjóðleikhússins en leggur áherslu á að miklu skiptir að vanda vel til undirbúnings og innleiðingar, svo þetta stóra skref geti orðið sviðslistum á Íslandi til varanlegrar eflingar.

Leikhúsið telur að Þjóðarópera innan veggja Þjóðleikhússins, með tryggum fjárhagslegum grunni sé skynsamleg leið til að stuðla að framgangi óperulistar í landinu og hægt sé að nýta sambýlið við aðra öfluga starfsemi í Þjóðleikhúsinu til sóknar fyrir sviðslistir í landinu. Þjóðleikhúsið hefur einnig lagt áherslu á að þess verði gætt að tilkoma Þjóðaróperu veiki ekki getu Þjóðleikhússins á nokkurn hátt til að standa undir sviðsetningum leikverka og sýninga af því tagi sem leikhúsið hefur gert undanfarna áratugi. Efldar stoðdeildir þjóðleikhússins geta nýst þjóðaróperunni vel og tryggt að sem mest af fé til hennar fari í listræna framleiðslu.

Þjóðleikhúsið hefur í samtölum við fulltrúa nefndarinnar og ráðuneytisins lagt áherslu á að fjármögnun nýrrar Þjóðaróperu verði tryggð og að samhengi sé á milli skyldna og væntinga og fjármagns sem ætlað er til starfseminnar. Þjóðleikhúsið telur skynsamlegt, eins og lagt er til í frumvarpinu, að Þjóðaróperuhluti þjóðleikhússins njóti eðlilegs sjálfstæðis, án þess þó að girt sé fyrir skynsamlega samlegðarmöguleika listrænt og fjárhagslega. Um árabíl hefur verið ljóst að gera þarf gangskör í húsnæðismálum Þjóðleikhússins, bæði þegar kemur að viðhaldi og framþróun, m.a. hefur verið rætt um nauðsyn þess að byggt verði nýtt sviðsrými, svokallaður svartur kassi. Eðlilegt er að nú verði lögð áhersla á að hraða frumathugun vegna þeirra áforma og með tilliti til þess að rými þjóðleikhússins geti einnig þjónað óperustarfsemi.

Þjóðleikhúsið telur að tillögur í fyrirbyggjandi frumvarpi séu stórt framfaraskref fyrir óperulist í landinu og fagnar þeim mikilvæga áfanga.

Halldór Guðmundsson, formaður þjóðleikhúsráðs

Magnús Geir Þórðarson, þjóðleikhússtjóri